

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Samantekt yfir kjörtímabilið 2014-2018

Upplýsingastefna Reykjavíkurborgar

- Unnin af stýrihópi á vegum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.
- Í júní 2015 var samþykkt að vísa Upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar 2016 - 2020 til borgarráðs. Samþykkt endanlega í borgarstjórn.

Þjónustustefna Reykjavíkurborgar

- Unnin af stýrihópi á vegum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.
- Í nóvember 2016 var samþykkt að vísa Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar til borgarráðs. Samþykkt endanlega í borgarstjórn.
- Aðgerðaáætlun út frá þjónustustefnunni kynnt á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 4. september 2017.

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar

- Starfshópur um undirbúning lýðræðisstefnu skilaði af sér gögnum í maí 2016.
- Lýðræðisstefnan unnin innan stjórnkerfis- og lýðræðisráðs út frá gögnum starfshópsins.
- Í nóvember 2017 var samþykkt að vísa drögum að lýðræðisstefnu til umsagnar fagraða, hverfisráða, fjölmeningarráðs, öldungaráðs og ungmennaráðs.
- Lögð fram drög til samþykktar í borgarráði 7. maí 2018.
- Ákveðið var að vísa drögum að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar aftur til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs á fundi borgarstjórnar þann 8. maí 2018. Verða kláruð og samþykkt af næstu borgarstjórn.

Hverfið mitt

- Árið 2016 fékk verkefnið *Betri hverfi* nafnið *Hverfið mitt*, til að aðgreina það betur frá Betri Reykjavík.
- Samhliða því voru gerðar töluverðar viðmótsbreytingar, fólki til dæmis gert kleift að hengja myndir og staðsetningu á korti við hugmyndir.
- Árið 2018 var samþykkt að lækka kosningaraldur niður í 15 ár.
- Jafnframt var samþykkt að gera fagaðilum á umhverfis- og skipulagssviði kleift að meta einstaka umsóknir sem berast í Hverfið mitt og varða rekstur
- Samþykkt að auka samráð við hugmyndahöfunda í verkefninu Hverfið mitt 2018 á meðan hugmyndasöfnun og hugmyndamat í verkefninu stendur yfir.
- Samþykkt að haft verði samráð við ýmsa hópa og samtök í borginni um innsendingu hugmynda og hvatt til samstarfs um vinnslu hugmynda.

Sköpunartorg

- Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 24. apríl 2017 kynnti Ingi Rafn Sigurðsson frá fyrirtækinu Karolina Fund verkefni sem fyrirtækið var að vinna með forsætisráðuneyti Finnlands sem snýst um hóp fjármögnun einstaklinga á verkefnum í samstarfi við opinbera aðila.
- Á fundi ráðsins þann 4. september 2017 var samþykkt að vísa til meðferðar í borgarráði tillögu um að stofnað yrði tilraunasvæði á vef borgarinnar í anda þess sem fulltrúi Karolina Fund hafði kynnt fyrir ráðinu. Á vefnum á fólki að gefast kostur á að setja fram hugmyndir að tilraunaverkefnum ræða þær hugmyndir og þróa, og fjármagna þær hugmyndir sem verða fyrir valinu. Möguleiki er á að borgin komi að fjármögnun valinna verkefna t.d. með því að jafna þá upphæð sem íbúar safna sjálfir.
- Í meðferð borgarráðs fékk þetta verkefni nafnið *Sköpunartorg*.
- Áætlað er að Sköpunartorgið verði opnað sumarið eða haustið 2018.

Opnun bókhalds borgarinnar

- Opin fjármál Reykjavíkurborgar opnuð á vefnum haustið 2016.
- Stjórnkerfis- og lýðræðisráð leggur með tilvísun í kynningu frá fjármálaskrifstofu á stöðu opinna fjármála á fundi ráðsins þann 29. maí 2017 áherslu á eftirfarandi atriði sem næstu skref í opnun fjármála borgarinnar: Birtingu á gögnumum samkvæmt opnum stöðlum, nánari sundurliðun á velferðarsviði eftir skipulagi, sundurliðun á bókhaldslykla, sundurliðun á mánuði og birtingu stakra færslna. Jafnframt er óskað eftir því að boðið verði upp á sundurliðun fjárhagsupplýsinga eftir hverfum, sbr. tillögu þar um sem vísað var til gerðar fjárhagsáætlunar á fundi borgarstjórnar þann 16. maí síðastliðinn. Viðbætur sem kalla á verulega útvíkkun gagnamagns, á borð við birtingu á færslum, geta eftir atvikum farið fram eingöngu í formi opinna gagna ef birting á vef er talin ógagnleg upp á læsileika gagnanna.

Rafræn þjónustumiðstöð – tilfærsla vefmála

- Árið 2017 var sett á laggirnar Rafræn þjónustumiðstöð með þann megintilgang að þróa og breyta framlínu þjónustu borgarinnar á þann veg að sjálfsafgreiðsla verði ávallt fyrsti valkostur borgarbúa þar sem því verður við komið. Jafnframt er rafrænni þjónustumiðstöð falið að stuðla að opnun rafrænnar gagnagáttar um fjármál borgarinnar, utanumhald og eftirfylgni með opnun annarra ópersónugreinanlegra gagna og birtingu fundargerða og fylgigagna ráða og nefnda borgarinnar, í samræmi við upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar og aðra samþykktu stefnumörkun um viðfangsefnin.
- Út frá hagræðingarvinnu í miðlægri stjórnsýslu var ákveðið í upphafi árs 2017 að utanumhald vefþjónustu borgarinnar yrði endurskoðað í heild. Tæknilegur rekstur, þróun og utanumhald verði á höndum upplýsingatæknideildar og deildin reyni að tryggja örugga og hagkvæma hýsingu t.d. með alútboði. Vefteymi borgarinnar var flutt undir undir Rafræna þjónustumiðstöð.

Upplýsingatæknimál

- Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 15. maí 2017 var lögð fram til umsagnar ábending úttekt Innri endurskoðunar á stjórnun upplýsingatæknimála.
- Ábendingin sneri að því að lagt var til að skilgreina ábyrgð stjórnkerfis- og lýðræðisráðs gagnvart upplýsingatæknimálum með víðari hætti en nú er og að samþykktir ráðsins verði endurskoðaðar með það í huga.
- Stjórnkerfis- og lýðræðismál tók vel í ábendinguna og hafði hana til hliðsjónar við heildarendurskoðun á samþykktum ráðsins.
- Í gildandi samþykktum ráðsins er þannig nú kveðið á um að stjórnkerfis- og lýðræðisráð skuli stuðla að skilvirkri nýtingu upplýsingatækni í þágu stefnumörkunar borgarinnar.

Úttekt innri endurskoðunar á þjónustumiðstöðvum og hverfisráðum

- Óskað eftir að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar vinni úttekt á þjónustumiðstöðvum í júní 2015
- Úttekt skilað í október 2016.

Hverfissjóður Reykjavíkurborgar

- Lagt var til að stofnaður yrði sérstakur hverfissjóður með það að markmiði að efla samstöðu og samvinnu íbúa í hverfum Reykjavíkurborgar, stuðla að fegrun hverfa, auknu öryggi og auðgun mannlífs með fjölbreyttum hætti.
- Samþykkt var að stofna hverfissjóð í borgarráði í september 2017 og stjórnkerfis- og lýðræðisráði falin frekari úrfærsla.
- Drög að úthlutunarreglum Hverfissjóðs Reykjavíkurborgar voru lögð fram í mars 2018. Staðfestar í borgarráði.

Framtíðarsýn hverfisráða

- Stjórnkerfis- og lýðræðisráð vann að því á kjörtímabilinu að draga fram stöðu hverfisráðanna, styrkleika þeirra og veikleika og helstu áskoranir. Ráðinu var falið það hlutverk að gera tillögur að hlutverki hverfisráða.
- Afrakstur af þeirri vinnu er skjalið Framtíðarsýn hverfisráða, sem lagt var fram til umræðu á fundi borgarstjórnar þann 17. apríl 2018 og vísað til frekari meðferðar.
- Borgarráð samþykkti þann 20. apríl 2018 að fela stjórnkerfis- og lýðræðisráði að gera nýjar samþykktir fyrir hverfisráðin ásamt því að finna þeim sess í skipuriti Reykjavíkurborgar.
- Nýjum drögum að samþykktum fyrir hverfisráðin var vísað til forsætisnefnd í byrjun maí 2018, forsætisnefnd sendi það áfram til skrifstofu borgarstjórnar.
- Á sama fundi var tillögu að breytu skipuriti Reykjavíkurborgar þar sem hverfisráðin eru staðsett undir borgarráði einnig vísað til forsætisnefndar þar sem hún var samþykkt.
- Tillaga að breyttri skipan í hverfisráðin var mikið til umræðu á kjörtímabilinu en ekki tókst að ljúka því máli. Bíður útfærslu næstu borgarstjórnar.

Umboðsmaður borgarbúa

- Umboðsmaður borgarbúa var festur í sessi á kjörtímabilinu og tengdur við stjórnkerfis- og lýðræðisráð.
- Samþykktar voru verklagsreglur um samskipti umboðsmanns borgarbúa við stjórnkerfis- og lýðræðisráð í september 2017.

Ráðstefnur

- Námsferð Sambands íslenskra sveitarfélaga um íbúalýðræði til Svíþjóðar 29. – 31. ágúst 2016. Halldór Auðar Svansson formaður fór fyrir hönd Reykjavíkurborgar í ferðina auk Hjálmars Sveinssonar, formanns umhverfis- og skipulagsráðs.
- Good democratic Governance of Metropolitan areas, 17. – 18. október 2017. Halldór Auðar Svansson fór fyrir hönd Reykjavíkurborgar á ráðstefnuna.
- Nordic Smart Cities, í október 2017, Halldór Auðar Svansson formaður og Eva Einarsdóttir varaformaður fóru á ráðstefnuna fyrir hönd Reykjavíkurborgar ásamt Kristni Jóni Ólafssyni úr snjalborgarteymi borgarinnar.

Opnir fundir stjórnkerfis- og lýðræðisráðs

- Kjarvalsstöðum, 17. nóvember 2014 - málefni hverfanna
- Menningarhúsinu Grófinni, 30. mars 2015 - upplýsingastefna
- Hallveigarstöðum, 16. nóvember 2015 – kosningarétturinn
- Iðnó, 28. mars 2017 - lýðræðisstefna